

VERKLAGSREGLUR LEIKSKÓLA RANGÁRÞINGS EYSTRÁ



Um umsókn, innritun, gjaldtökur og innheimtu leikskólagjalds.

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Ölduna á Hvolvelli. Aldan er 8 deilda leikskóli og var tekinn í notkun í ágúst 2023.

Á heimsíðu leikskólans <http://aldan.leikskolinn.is/> er hægt að nálgast upplýsingar um leikskólann.

Opnunartími Öldunnar er 7:45-16:15

Aðalnúmer leikskólans Öldunnar er 488-4270

INNTRITUN

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er lögheimili í Rangárþingi eystra og er farið eftir búsetu forráðamanna samkvæmt Þjóðskrá.

2. Innritun í leikskólann fer fram á heimasíðu Öldunnar <https://aldan.leikskolinn.is/Upplýsingar/Leikskolaumsokn>

3. Heimilt er að sækja um leikskólavist þegar barn hefur fengið kennitölu.

4. Leikskólinn er fyrir börn frá 12 mánaða aldri til 6 ára. Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu frá ágúst – október ár hvert og á öðrum tíma ef aðstæður leyfa. Úthlutun leikskólaplássanna fer fram í maí ár hvert fyrir komandi skólaár og eru foreldrar **því hvattir til að sækja um fyrir 1. maí ár hvert**. Þegar barnið hefur fengið inngöngu í leikskóla er foreldrum svarað í rafrænu bréfi. Foreldrar þurfa að staðfesta leikskóladvölinu rafrænt innan 14 daga frá því að boð berst. Hafi staðfesting frá foreldrum ekki borist innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássíð. Hafi barn fengið inngöngu í leikskólann geta foreldrar óskað eftir því að fresta leikskólagöngu barnsins í samráði við leikskólastjóra.

5. Öllum foreldrum er heimilt að sækja um leikskólapláss óháð lögheimili en barni er ekki úthlutað plássíð fyrr en staðfest er að það á lögheimili í Rangárþingi eystra. Samstarf er á milli nágrennasveitafélags um vistun barna við sérstakar aðstæður.

6. Leikskólaplássum er að öllu jöfnu úthlutað eftir dagsetningu umsóknar og reglum um forgang. Ef biðlisti myndast er leikskólavist úthlutað eftir aldri barns og eldri börn fá vistun á undan sér yngri. Þegar kemur að vali milli barna sem fædd eru á sama ári og hafa náð tilskildum aldri, gildir aldur umsókna. Þó geta sérstakar aðstæður barna og í skólanum haft áhrif á úthlutun leikskólaplássanna.

7. Hægt er að sækja um forgang fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavist.

Hægt er að sækja um forgang vegna eftirtalinna aðstæðna:

- Börn með fötlun eða frávik í þroska
- Börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl
- Börn í elsta og næst elsta árgangi leikskólans
- Börn starfsmanna Öldunnar
- Börn einstæðra foreldra Þegar sótt er um forgang af félagslegum eða heilsufarslegum ástæðum skal umsókninni fylgja vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila s.s. lækni, félagráðgjafa eða öðrum sem með málin fara.

GJALDSKRÁ

1. Sveitastjórn ákveður gjaldskrá leikskólans. Gjaldskráin er endurskoðuð um hver áramót og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá skulu auglýstar með eins mánaðar fyrirvara.

Sjá gjaldskrá leikskóla <https://www.hvolsvollur.is/is/moya/page/gjaldskrar-1>

INNHEIMTA

1. Leikskólagjöld eru greidd með heimsendum greiðsluseðlum. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30. hvers mánaðar.

2. Leikskólagjöld eru innheimt í 11 mánuði á ári, þar sem öll börn skulu taka 4vikna samfelldt sumarfrí. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þegar leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa.

3. Þurfi að grípa til heildrænnar skerðingar á dvalartíma vegna manneklu, þannig að nemendur séu sendir heim, verða dagvistunargjöld fyrir þá daga endurgreidd. Sjá faliðunaráætlun leikskólans <https://ork.leikskolinn.is/%C3%B6rk/falidunaraetlun%202022.pdf>

DVALARTÍMI

1. Opnunartími leikskólans Öldunnar er samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar hverju sinni.

2. Hámarksdvalartími barns í leikskólanum er 8,5 tímar á dag.

3. Ef lögheimili barns er meira en 10 km frá leikskóla er heimilt að skrá barnið í 3ja eða 4ra daga leikskóladvöl í viku og greiða í samræmi við það. Vikudaga skal ákveða í upphafi skólagöngu.

Hægt er að sækja um akstursstyrk ef lögheimili barns er 10 km eða lengra hér <https://www.hvolsvollur.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-akstursstyrk>

Endurnýja þarf umsókn um akstursstyrk árlega.

4. Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma og skal ósk þar um berast til leikskólastjóra fyrir 15. Hvers mánaðar. Hægt er að sækja um á heimasíðu leikskólans <https://www.hvolsvollur.is/is/moya/formbuilder/index/index/breyting-a-vistunartima>

Breytingar miðast við mánaðarmót eftir að sótt er um ef hægt er að koma þeim við og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

Heimilt er að vera með breytilegan vistunartíma í leikskólanum með ákveðnum skilyrðum.

- Að vistunartími sé að lágmarki 4 klst alla daga sem barnið dvelur í leikskólanum.
- Að vistunartími sé eins allar vikur.

UPPSÖGN

1. Dvalarsamningur skal gerður fyrir hvert barn þegar það hefur leikskólagöngu.
2. Segja skal upp leikskóladvöl skriflega. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.
3. Ef um 3ja mánaða skuld vegna leikskólagjalda er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl. Veita skal forráðamanni barns skriflega áminningu áður en til uppsagnar kemur.
4. Leikskólastjóra er heimilt að segja upp leikskóladvöl barns ef ítrekað er farið fram yfir umsamdan dvalartíma og ekki hefur verið farið að tilmælum starfsmanna leikskólans um úrbætur þar á. Veita skal forráðamanni barns skriflega áminningu áður en til uppsagnar kemur.

ANNÆÐ

1. Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og hjúskaparstöðu.
2. Starfsfólk leikskólans Öldunnar er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum í leikskólanum.
3. Leikskólinn er lokaður 6 daga á ári vegna skipulagsdaga og samráðsfunda og eins námskeiðsdags á hverju skólaári. Þeir eru ákveðnir að hausti og skráðir á skóladagatal leikskólans. <https://aldan.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skoladagatal>
4. Samstarfssamningur er við Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og VesturSkaftafellssýslu um ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu.
5. Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málinu til Fjölskyldunefndar Rangárþings eystra